



Íbúakönnun landshlutanna 2020: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Norðurlandi eystra

Samantekt á niðurstöðum

Vífill Karlsson, Hagfræðingur Ph.D.


Ráðgjafi SSV og dósent við HA

Helga María Pétursdóttir, Hagfræðingur M.Sc.

Ráðgjafi SSNE

Landsvæði skoðanakönn- unarinnar

Það voru 25 landsvæði í þeim
8 landshlutum sem Íslandi er
vanalega skipt í.





Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Norðurlandi eystra

Staðan

- Hvert er álit þitt á stöðu eftirfarandi þátta/málaflokka í þínu sveitarfélagi?
 1. Mjög slæm (1)
 2. Slæm (2)
 3. Hvorki né (3)
 4. Góð (4)
 5. Mjög góð (5)

Búsetuskilyrðin 40, stytt orðalag eins og í könnun

Stytting		Orðalag í könnuninni
1 Afþreying	=	Tækifæri til afþreyingar
2 Aldraðir	=	Þjónusta við aldraða
3 Almsamg	=	Almenningssamgöngur
4 Atvinnurekstur	=	Möguleiki á eigin atvinnurekstri
5 Atvinnuúrval	=	Fjölbreytni atvinnulífs
6 Atvinnuöryggi	=	Atvinnuöryggi
7 Ásýnd	=	Ásýnd bæja og sveita ásamt almennri umgengni
8 Dvalarheimili	=	Dvalarheimili aldraðra
9 Farsími	=	Farsímasamband
10 Fatlaðir	=	Þjónusta við fatlaða
11 Fjárhagsvandi	=	Aðstoð við fólk í fjárhagsvanda
12 Framfærsla	=	Framfærslukostnaður
13 Framhsk	=	Námsmöguleikar á framhaldsskólastigi
14 Friðsæld	=	Friðsæld
15 Grunnskóli	=	Gæði grunnskóla
16 Háskóli	=	Námsmöguleikar á háskólastigi
17 Heilsugæsla	=	Gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana
18 Internet	=	Nettengingar
19 Íbúðir	=	Framboð á íbúðarhúsnæði til kaups
20 Íþróttir	=	Tækifæri til íþróttatómstundaiðkunar


21 Launatekjur	=	Launatekjur
22 Leiguíbúðir	=	Framboð á íbúðarhúsnæði til leigu
23 Leikskóli	=	Gæði leikskóla
24 Loftgæði	=	Loftgæði (engin loft-, svifryksmengun, útblástur o.p.h.)
25 Mannlíf	=	Gott mannlíf
26 Menning	=	Menningarlíf
27 Náttúra	=	Nálægð við fjölbreytta náttúru
28 Rafmagn	=	Rafmagn
29 Skipulagsmál	=	Skipulagsmál
30 Sorpmál	=	Sorpmál
31 Tónlistarskóli	=	Tónlistarskóli
32 Umferð	=	Greið bílaumferð
33 Umhverfismál	=	Umhverfismál almennt
34 Unglingastarf	=	Gæði unglingastarfs
35 Útlendingar	=	Þjónusta við fólk af erlendum uppruna
36 Vegakerfi	=	Vegakerfi
37 Vöruúrval	=	Vöruúrval/þjónustuúrval
38 Vöruverð	=	Vöruverð
39 Örugg umferð	=	Umferðaröryggi
40 Öryggi	=	Almennt öryggi

Mikilvægi


- Hver eftirfarandi þátta/málaflokka finnst þér skipta miklu eða litlu máli fyrir áframhaldandi búsetu þína í sveitarfélaginu?
 1. Mjög litlu (1)
 2. Litlu (2)
 3. Hvorki né (3)
 4. Miklu (4)
 5. Mjög miklu (5)

Hvernig lesa á myndirnar sem núna koma!

- Tvær myndir eru birtar fyrir hvern landshluta.
 - Staða og mikilvægi.
 - Breyting á milli kannana.
- Myndirnar má túlka eins og myndina hér til hægri.
 - Best er að vera efst hægra megin.
 - Verst er að vera neðst hægra megin.
- Athugasemdir við hverja glæru eru engan veginn tæmandi umfjöllun. Reynt er að draga fram áhugaverðustu breytingarnar og jafnframt að gefa lesandanum upplýsingar um það hvernig á að túlka myndirnar og draga ályktanir um aðra þætti sem fram koma.



Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Akureyri




- SSNE hefur ekki tekið þátt í íbúakönnuninni áður og er því enginn samanburður á milli ára.
- Friðsæld og náttúra komu best út þegar horft var til stöðu og mikilvægis.
- Þættir sem komu þar á eftir voru nettengingar og öryggi.
- Leiguíbúðir og atvinnurekstur voru þættir sem þóttu síst mikilvægir meðal íbúa.
- Laun komu verst út af öllum þáttunum en voru jafnframt metin sem mikilvægur þáttur.
- Þar á eftir komu framfærsla, vöruverð, skipulagsmál og fjárhagsvandi. Af þeim 40 þáttum sem spurt var um eru þessir líklegastir til að stuðla að brottflutningi af svæðinu.

Flutningar frá Akureyri 1986-2017

Sveitarfélag	Hreinn fjöldi
Reykjavík	-2448
Kópavogur	-702
Hafnarfjörður	-313
Garðabær	-207
Reykjanesbær	-98
Mosfellsbær	-88
Sveitarfélagið Árborg	-61
Seltjarnarnes	-40

Samanburður á Akureyri og höfuðborgarsvæðinu



- Í bláum kassa: Þættir sem eru betri á Akureyri (AE) en höfuðborgarsvæðinu (HBSV) og mikilvægari fólki þar en á HBSV.
- Í rauðum kassa: Þættir sem eru verri á AE en HBSV og mikilvægari fólki þar en á HBSV.
- Í grænum kassa: Þættir sem eru betri á AE en HBSV og mikilvægari fólki á HBSV en á AE.
- Í gulum kassa: Þættir sem eru verri á AE en HBSV og mikilvægari fólki á HBSV en á AE.

Staða og mikilvægi búsetuskilyrða í Eyjafirði




- SSNE hefur ekki tekið þátt í íbúakönnuninni áður og er því enginn samanburður á milli ára.
- Friðsæld, náttúra og öryggi komu best út þegar horft var til stöðu og mikilvægis.
- Staðan á vegakerfinu kom verst út og er mest aðkallandi að gera úrbætur þar á.
- Þar á eftir komu skipulagsmál, laun og framfærsla.
- Leiguíbúðir komu verst út þegar horft er á stöðu eingöngu og þóttu þær jafnframt síst mikilvægasti þátturinn.

Flutningar frá Eyjafirði 1986-2017


Sveitarfélag	Hreinn fjöldi
Akureyri	-1118
Reykjavík	-873
Kópavogur	-185
Akranes	-142
Borgarbyggð	-88
Hafnarfjörður	-87
Dalvíkurbyggð	-82
Sveitarfélagið Árborg	-82

Samanburður á Eyjafirði og Akureyri



- Í bláum kassa: Þættir sem eru betri í Eyjafirði (EF) en á Akureyri (AE) og mikilvægari fólki þar en á AE.
- Í rauðum kassa: Þættir sem eru verri í EF en AE og mikilvægari fólki þar en á AE.
- Í grænum kassa: Þættir sem eru betri í EF en AE og mikilvægari fólki á AE en í EF.
- Í gulum kassa: Þættir sem eru verri í EF en AE og mikilvægari fólki á AE en í EF.

Samanburður á Eyjafirði og höfuðborgarsvæðinu



- Í bláum kassa: Þættir sem eru betri í Eyjafirði (EF) en höfuðborgarsvæðinu (HBSV) og mikilvægari fólki þar en á HBSV.
- Í rauðum kassa: Þættir sem eru verri í EF en HBSV og mikilvægari fólki þar en á HBSV.
- Í grænum kassa: Þættir sem eru betri í EF en HBSV og mikilvægari fólki á HBSV en í EF.
- Í gulum kassa: Þættir sem eru verri í EF en HBSV og mikilvægari fólki á HBSV en í EF.

Staða og mikilvægi búsetuskilyrða í Þingeyjarsýslu




- Náttúra, friðsæld og öryggi komu best út í Þingeyjarsýslum.
- Atvinnuöryggi og vöruverð komu verst út og eru þeir þættir sem þyrfti helst að bæta úr.
- Þar á eftir komu framfærsla, atvinnuúrval og laun.
- Þeir þættir sem íbúar töldu síst mikilvæga voru háskóli, almenningssamgöngur og leiguíbúðir og var staða þessara þátta einnig talin standa einna verst.

Flutningar frá Þingeyjarsýslum 1986-2017

Sveitarfélag	Hreinn fjöldi
Akureyri	-1048
Reykjavík	-854
Kópavogur	-201
Norðurþing	-200
Hafnarfjörður	-132
Reykjanesbær	-93
Sveitarfélagið Skagafjörður	-73
Garðabær	-71

Samanburður á Þingeyjarsýslu og Akureyri



- Í bláum kassa: Þættir sem eru betri í Þingeyjarsýslu (ÞS) en á Akureyri (AE) og mikilvægari fólki þar en á AE.
- Í rauðum kassa: Þættir sem eru verri í ÞS en AE og mikilvægari fólki þar en á AE.
- Í grænum kassa: Þættir sem eru betri í ÞS en AE og mikilvægari fólki á AE en í ÞS.
- Í gulum kassa: Þættir sem eru verri í ÞS en AE og mikilvægari fólki á AE en í ÞS.

Samanburður á Þingeyjarsýslu og höfuðborgarsvæðinu



- Í bláum kassa: Þættir sem eru betri í Þingeyjarsýslu (ÞS) en höfuðborgarsvæðinu (HBSV) og mikilvægari fólki þar en á HBSV.
- Í rauðum kassa: Þættir sem eru verri í ÞS en HBSV og mikilvægari fólki þar en á HBSV.
- Í grænum kassa: Þættir sem eru betri í ÞS en HBSV og mikilvægari fólki á HBSV en í ÞS.
- Í gulum kassa: Þættir sem eru verri í ÞS en HBSV og mikilvægari fólki á HBSV en í ÞS.

Heildarsamanburður

Einkunn C

- Einkunn (á bilinu 0-10) tekur tillit til munar á milli landsvæða.
 - Færri stig fyrir búsetuskilyrði þar sem munurinn er lítill og fleiri þar sem hann er mikill.
 - Tekur tillit til þess hversu góð eða slæm staðan er og hversu mikilvægir þættirnir eru fyrir áframhaldandi búsetu.
- Einkunnin er vigtuð með mikilvægi eins og gert var í könnuninni 2016/2017.
- Vestmannaeyjar, Akureyri og Eyjafjörður lenda í þremur efstu sætunum.
- S-Vestfirðir, Dalir og Strandir og Reykhólar lenda enn og aftur í þremur neðstu sætunum.
- Athyglisverð breyting á röðun höfuðborgarsvæðisins m.v. einkunnargjöf B.


Sæti	Landsvæði	Stig 2020	Stig 2016-17	Breyting
1	Vestmannaeyjabær	7,4	6,3	1,1
2	Akureyri	7,0		
3	Eyjafjörður	6,6		
4	Skagafjarðarsýsla	6,4	6,4	0
5	Snæfellsnes	6,2	5,8	0,4
6	Akranes og Hvalfjörður	6,2	6,3	-0,1
7	Rangárvallasýsla	6,0	5,1	0,9
8	Hérað og N-Múlasýsla	5,9		
9	Höfuðborgarsvæðið	5,8		
10	Grindavíkurbær	5,8	5,6	0,2
11	V-Húnavatnsýsla	5,7	5,3	0,4
12	N-Vestfirðir	5,5	6,0	-0,5
13	Þingeyjarsýsla	5,3		
14	Árnessýsla	5,2	4,9	0,3
15	Suðurnesjabær	5,0	4,7	0,3
16	Reykjanesbær	4,9	5,4	-0,5
17	Sveitarfélagið Vogar	4,8	4,9	-0,1
18	Skaftafellssýslur	4,8	4,3	0,5
19	Fjarðabyggð og Suðurfirðir	4,7		
20	A-Húnavatnssýsla	4,7	4,4	0,3
21	Borgarfjarðarsvæði	4,6	4,5	0,1
22	Strandir og Reykhólar	4,3	5,0	-0,7
23	Dalir	3,9	3,6	0,3
24	S-Vestfirðir	3,8	4,1	-0,3

Svæðisbundin greining á stöðu búsetuskilyrðanna 40 og tveimur almennum spurningum

- Birt eru meðaltöl svæða og raðað eftir stærð þeirra.
- Undirhópar sem voru skoðaðir sérstaklega:
 - Ungt fólk á aldrinum 18-34 ára.
 - Konur.
 - Fólk í sveitum/dreifbýli.
- Leggjum áherslu á að skoða 10 mikilvægustu þættina sem á landsvísu voru í eftirfarandi röð (mikilvægasti efst):
 1. Öryggi
 2. Friðsæld
 3. Öruggr umferð
 4. Rafmagn
 5. Heilsugæsla
 6. Mannlíf
 7. Nettengingar
 8. Náttúra
 9. Loftgæði
 10. Atvinnuöryggi


Hamingja

Ómarktækt. Ekki marktækur munur frá meðaltali



- Afstaða íbúa í flestum landshlutum var ekki marktækt ólík því sem var í könnuninni allri (öll svæði).
- Vestmannaeyjar, Snæfellsnes og Rangárvallasýsla komu best út.
- Höfuðborgarsvæðið, Reykjanesbær og Vogar komu verst út.
- Ungu fólkið var ekki eins hamingjusamt og aðrir hópar sem voru skoðaðir sérstaklega.

Viðhorf til sveitarfélagsins




- Grindavíkurbær, Vestmannaeyjar og Suðurnesjabær komu best út.
- Dalir, Fjarðabyggð og Suðurfirðir og Borgarfjarðarsvæði komu verst út.
- Viðhorf unga fólksins til sveitarfélagsins var almennt neikvæðara en viðhorf hinna hópanna.

Búsetuskilyrðin 40


Afþreying

Lenti í 27 sæti af 40
mögulegum hvað
þennan mun varðar. Sjá
glæru 65.




- Nokkur munur á afstöðu á milli landshluta (27/40).
- Höfuðborgarsvæðið, Akureyri og Eyjafjörður komu best út.
- Dalir, Vogar og Fjarðabyggð og Suðurfirðir komu verst út.
- Ungu fólkið skar sig einna helst úr og var það að jafnaði neikvæðara en aðrir hópar.

Aldraðir




- Munur á afstöðu rétt undir meðallagi á milli landshluta (16/40).
- V-Hún, Vestmannaeyjar og Þingeyjarsýsla komu best út.
- S-Vestfirðir, Suðurnesjabær og Fjarðabyggð og Suðurfirðir komu verst út.
- Sveitin var að jafnaði neikvæðari.

Almenningssamgöngur




- Töluverður munur á afstöðu á milli landshluta (31/40).
- Akureyri, Akranes og Hvalfjörður og höfuðborgarsvæðið komu best út.
- Dalir, Strandir og Reykhólar og S-Vestfirðir komu verst út.
- Afstaða ungs fólks og fólks í sveitum var að jafnaði neikvæðari en annarra.

Atvinnurekstur




- Lítill munur á svörum á milli landshluta (9/40).
- Höfuðborgarsvæðið, Skaftafellssýslur og Árnessýsla komu best út.
- Suðurnesjabær, Vogar og Reykjanesbær komu verst út.
- Ungu fólkið í Dölunum var áberandi jákvæðara en aðrir hópar en neikvæðara í Árnessýslu og á fleiri stöðum.

Atvinnuúrval




- Mjög ólík svörun á milli landshluta (30/40).
- Höfuðborgarsvæðið, Skagafjarðarsýsla og Akureyri komu best út.
- Vogar, Dalir og Strandir og Reykhólar komu verst út.
- Af undirhópunum var fólkið í sveitunum frekar neikvæðara en almennt gerðist.

Atvinnuöryggi (meðal 10 mikilvægustu)




- Mikill munur á afstöðu á milli landshluta (32/40).
- Fjarðabyggð og Suðurfirðir, Skagafjarðarsýsla og Vestmannaeyjar komu best út.
- Reykjanesbær, Vogar og Suðurnesjabær komu verst út.
- Ekki skáru undirhóparnir sig sérstaklega úr nema helst unga fólkið sem var frekar ánægðara og fólk í sveitum, frekar óánægðara.

Ásýnd




- Frekar lítil munur á ánægju á milli landsvæða (10/40).
- Snæfellsnes, Grindavíkurbær og Vestmannaeyjar komu best út.
- S-Vestfirðir, Hérað og N-Múlasýsla og Reykjanesbær komu verst út.
- Ungu fólkið var almennt jákvæðara en aðrir.

Dvalarheimili




- Mikill munur á svörum á milli landsvæða (34/40).
- Rangárvallasýsla, Borgarfjarðarsvæði og V-Hún komu best út.
- S-Vestfirðir, Suðurnesjabær og Árnessýsla komu verst út.
- Sveitin var almennt neikvæðari í afstöðu og undir meðaltali.

Farsími




- Munur á ánægju heldur mikill á milli landsvæða (25/40).
- Höfuðborgarsvæðið, Akureyri og Akranes og Hvalfjörður komu best út.
- Dalirnir, S-Vestfirðir og Strandir og Reykhólar komu verst út.
- Sveitirnar voru töluvert neikvæðari í afstöðu en aðrir hópar.

Fatlaðir




- Munur rétt yfir meðallagi á milli landshluta (26/40).
- Skagafjarðarsýsla, Akranes og Hvalfjörður og Vestmannaeyjabær komu best út.
- S-Vestfirðir, Dalir og Fjarðabyggð og Suðurfirðir komu verst út.
- Almennt var unga fólkið jákvæðara í afstöðu samanborið við aðra hópa. Aftur var sveitin lítið eitt óánægðari.

Fjárhagsvandi




- Munur á svörun lítill á milli landsvæða (4/40).
- V-Hún, Vestmannaeyjar og Grindavíkurbær komu best út.
- Vogar, Borgarfjarðarsvæði og Dalir komu verst út.
- Sveitin var almennt svolítið neikvæðari en aðrir hópar.

Framhaldsskóli




- Mikill munur á svörum á milli landsvæða (37/40).
- Akureyri, höfuðborgarsvæðið og Skagafjarðarsýsla komu best út.
- Dalir, Strandir og Reykhólar og Vogar komu verst út.
- Sveitin skar sig helst úr og var óánægjan meiri þar.

Framfærsla




- Munur á afstöðu á milli landshluta ekki mikill (12/40).
- Vestmannaeyjar, Akureyri og Grindavík komu best út.
- Dalirnir, A-Hún og Strandir og Reykhólar komu verst út.
- Afstaða unga fólksins var ólíkust meðaltalinu og almennt jákvæðari en afstaða annarra hópa.

Friðsæld (meðal 10 mikilvægustu)




- Munur á afstöðu frekar lítil á milli landsvæða (11/40).
- Strandir og Reykhólar, Dalir og S-Vestfirðir komu best út.
- Reykjanesbær, höfuðborgarsvæðið og Árnessýsla komu verst út.
- Svör hópanna þriggja fylgdu meðaltalinu nokkuð vel. Sveitin á Akranesi og í Hvalfirði og Árnessýslu var þónokkuð ánægðari en aðrir hópar.

Grunnskóli




- Mjög lítill munur á svörum á milli landsvæða (3/40).
- Vogar, Akranes og Hvalfjörður og Eyjafjörður komu best út.
- S-Vestfirðir, Skaftafellssýslur og Grindavíkurbær komu verst út.
- Fólk í sveitum og yngra fólk var lítið eitt óánægðara en aðrir.

Háskóli




- Munur á ánægju mjög mikill á milli landsvæða (39/40).
- Akureyri, höfuðborgarsvæðið og Borgarfjarðarsvæði komu áberandi best út.
- Dalir, Hérað og N-Múlasýsla og A-Hún komu verst út.
- Afstaða unga fólksins var ólíkust meðaltalinu og oftar til hins verra.

Heilsugæsla (meðal 10 mikilvægustu)




- Mestur munur á afstöðu á milli landshluta (40/40).
- V-Hún, Dalir og Þingeyjarsýsla komu best út.
- Suðurnesjabær, Vogar og Reykjanesbær komu verst út.
- Ungu fólkið var almennt neikvæðara en aðrir hópar. Í sveitarfél. sem komu verst út var sveitin jákvæðust.

Íbúðir




- Mikill munur á svörum á milli landshluta (33/40).
- Akureyri, Vestmannaeyjar og Akranes og Hvalfjörður komu best út.
- S-Vestfirðir, Strandir og Reykhólar og Skagafjarðarsýsla komu verst út.
- Ungu fólkið og sveitin skáru sig úr og yfirleitt til hins verra.

Íþróttir




- Munur á afstöðu heldur mikill á milli landsvæða (29/40).
- Grindavíkurbær, Vestmannaeyjar og Akureyri komu best út.
- Dalir, Strandir og Þingeyjarsýsla komu verst út.
- Fólkið í sveitunum var að jafnaði neikvæðara í afstöðu og töluvert undir meðaltali.

Laun




- Munur á svörun á milli landshluta í meðallagi (23/40).
- Fjarðabyggð og Suðurfirðir, Vestmannaeyjar og höfuðborgarsvæðið komu best út.
- Dalir, A-Hún og Borgarfjarðarsvæði komu verst út.
- Ungu fólkið skar sig helst úr og var yfirleitt ánægðara en aðrir hópar.

Leiguíbúðir




- Munur á afstöðu í meðallagi á milli landsvæða (22/40).
- Akureyri, Reykjanesbær og Vestmannaeyjar komu best út.
- S-Vestfirðir, Skaftafellssýslur og Strandir og Reykhólar komu verst út.
- Afstaða ungs fólks og kvenna var heldur neikvæðari á meðan dreifbýlið var almennt jákvæðara.

Leikskóli




- Mjög lítill munur á ánægju á milli landsvæða (5/40).
- Akranes og Hvalfjörður, Eyjafljörður og Vestmannaeyjar komu best út.
- S-Vestfirðir, Strandir og Reykhólar og Skautafellssýslur komu verst út.
- Ungt fólk var að jafnaði neikvæðara en aðrir þátttakendur.

Loftgæði (meðal 10 mikilvægustu)




- Munur á ánægju á milli landshluta í meðallagi (19/40).
- Dalir, Strandir og Reykhólar og Snæfellsnes komu best út.
- Akureyri, höfuðborgarsvæðið og Reykjanesbær komu verst út.
- Ungu fólkið var almennt jákvæðara en hinir hóparnir.

Mannlíf (meðal 10 mikilvægustu)



- Munur á ánægju lítill á milli landsvæða (6/40).
- Vestmannaeyjar, N-Vestfirðir og Eyjafjörður komu best út.
- Dalir, Reykjanesbær og A-Hún komu verst út.
- Almennt var unga fólkið neikvæðara en aðrir hópar.


Menning



- Munur á afstöðu í meðallagi á milli landsvæða (20/40).
- Akureyri, höfuðborgarsvæðið og V-Hún komu best út.
- A-Hún, Suðurnesjabær og Fjarðabyggð og Suðurfirðir komu verst út.
- Ungu fólkið var heilt yfir neikvæðara en aðrir hópar, sérstaklega í Skagafjarðarsýslu.


Náttúra (meðal 10 mikilvægustu)

Ómarktækt




- Munur á ánægju lítill á milli landsvæða (7/40).
- Skaftafellssýslur, N-Vestfirðir og Hérað og N-Múlasýsla komu best út.
- Reykjanesbær, Suðurnesjabær og höfuðborgarsvæðið komu verst út.
- Ungu fólkið var aðeins neikvæðara í afstöðu en aðrir hópar.

Nettengingar (meðal 10 mikilvægustu)




- Munur á afstöðu aðeins yfir meðallagi á milli landsvæða (24/40).
- Höfuðborgarsvæðið, Akranes og Hvalfjörður og Akureyri komu best út.
- S-Vestfirðir, Vogar og Snæfellsnes komu verst út.
- Sveitin skar sig úr þar sem ánægja var ýmist töluvert yfir eða undir meðaltali.

Rafmagn (meðal 10 mikilvægustu)




- Munur á ánægju á milli landshluta yfir meðallagi (28/40).
- Höfuðborgarsvæðið, Akranes og Hvalfjörður og Suðurnesjabær komu best út.
- S-Vestfirðir, N-Vestfirðir og Strandir og Reykhólar komu verst út.
- Sveitin var almennt neikvæðari í afstöðu en aðrir hópar.

Skipulagsmál




- Munur á afstöðu rétt undir meðallagi á milli landshluta (17/40).
- Grindavíkurbær, Vestmannaeyjar og V-Hún komu best út.
- Borgarfjarðarsvæði, Fjarðabyggð og Suðurfirðir og N-Vestfirðir komu verst út.
- Vogar skáru sig mest úr en þar var sveitin töluvert neikvæðari en aðrir og langt undir meðaltalinu.

Sorpmál




- Munur á ánægju á milli landshluta rétt undir meðallagi (15/40).
- Akureyri, Snæfellsnes og Eyjafjörður komu best út.
- S-Vestfirðir, Skaftafellssýslur og Rangárvallasýsla komu verst út.
- Almennt var afstaða sveitanna neikvæðari en annarra hópa.

Tónlistarskóli




- Munur á ánægju á milli landsvæða í meðallagi (21/40).
- N-Vestfirðir, A-Hún og Eyjafjörður komu best út.
- Vogar, Dalir og Strandir og Reykhólar komu verst út.
- Sveitin var almennt neikvæðari, unga fólkið lítið eitt neikvæðara og konur svolítið jákvæðari í afstöðu.

Umferð




- Munur á ánægju frekar lítill á milli landsvæða (13/40).
- Vestmannaeyjabær, Vogar og N-Vestfirðir komu best út.
- Höfuðborgarsvæðið, Árnessýsla og Borgarfjarðarsvæði komu verst út.
- Sveitin var að jafnaði neikvæðari en aðrir hópar.

Umferðaröryggi (meðal 10 mikilvægustu)




- Munur á afstöðu rétt undir meðallagi á milli landshluta (18/40).
- Vestmannaeyjar, Vogar og Snæfellsnes komu best út.
- Dalirnir, Skaftafellssýslur og Borgarfjarðarsvæði komu verst út.
- Sveitin skar sig helst úr og var neikvæðari í afstöðu.

Umhverfismál




- Mjög lítill munur á ánægju á milli landsvæða (2/40).
- Akureyri, Snæfellsnes og Vestmannaeyjar komu best út.
- S-Vestfirðir, Borgarfjarðarsvæði og Dalirnir komu verst út.
- Ungu fólkið var almennt jákvæðara í afstöðu og sveitin neikvæðari.

Unglingastarf




- Munur á ánægju aðeins undir meðallagi á milli landsvæða (14/40).
- Höfuðborgarsvæðið, Akranes og Hvalfjörður og Akureyri komu best út.
- Þingeyjarsýsla, S-Vestfirðir og Fjarðabyggð og Suðurfirðir komu verst út.
- Sveitin var að jafnaði neikvæðari í afstöðu en aðrir hópar og jafnvel konur og yngri fólk.

Útlendingar




- Munur á ánægju frekar lítill á milli landsvæða (8/40).
- V-Hún, A-Hún og N-Vestfirðir komu best út.
- Dalir, höfuðborgarsvæðið og S-Vestfirðir komu verst út.
- Ungu fólkið var almennt lítið eitt jákvæðara í afstöðu en sveitin neikvæðari.

Vegakerfi




- Mikill munur á ánægju á milli landsvæða (38/40).
- Akureyri, Vogar og höfuðborgarsvæðið komu best út.
- S-Vestfirðir, Dalir og V-Hún komu verst út.
- Sveitin var almennt neikvæðari en aðrir hópar og töluvert undir meðaltali á einhverjum stöðum.

Vöruúrval



- Mikill munur á svörun á milli landsvæða (35/40).
- Höfuðborgarsvæðið, V-Hún og Akureyri komu best út.
- Vogar, Dalir og Strandir og Reykhólar komu verst út.
- Í sveitarfélögunum sem komu verst út var unga fólkið ánægðara en aðrir hópar.


Vöruverð



- Mikill munur á afstöðu á milli landshluta (36/40).
- Akranes og Hvalfjörður, Akureyri og Borgarfjarðarsvæði komu best út.
- Dalir, Strandir og Reykhólar og S-Vestfirðir komu verst út.
- Ungu fólkið var heldur neikvæðara en aðrir hópar í afstöðu og jafnvel fólk í sveitum.

Öryggi (meðal 10 mikilvægustu)


Ómarktækt



- Minnstur munur á svörum á milli landshluta (1/40).
- Vestmannaeyjar, Vogar og Hérað og N-Múlasýsla komu best út.
- Reykjanesbær, Dalir og Borgarfjarðarsvæði komu verst út.
- Ungu fólkið var almennt aðeins jákvæðara en aðrir hópar.


Ýmislegt annað

Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á landinu öllu




- Almennt komu náttúra og friðsæld best út þegar horft var til stöðu og mikilvægis.
- Þar á eftir komu öryggi, loftgæði og mannlíf.
- Heilsugæsla og atvinnuöryggi eru þættir sem almennt er mest aðkallandi að bæta.
- Þar á eftir komu vegakerfið, laun, framfærsla, atvinnuúrval, skipulagsmál og vöruúrval.
- Almennt komu leiguíbúðir verst út þegar horft er á stöðu eingöngu og þóttu þær jafnframt síst mikilvægasti þátturinn.

Breyting á afstöðu allra þátttakenda frá 2016 til 2020




- Fyrir árið 2020 voru bara gögn frá þeim 5 landshlutum sem tóku þátt 2016 og 2017 (16&17).
- Í bláum kassa: Þættir sem eru betri 2020 en 16&17 og mikilvægari 2020.
- Í rauðum kassa: Þættir sem eru verri 2020 en 16&17 og mikilvægari 2020.
- Í grænum kassa: Þættir sem eru betri 2020 en 16&17 og mikilvægari 16&17.
- Í gulum kassa: Þættir sem eru verri 2020 en 16&17 og mikilvægari 16&17.

Samanburður á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu




- Í bláum kassa: Þættir sem eru betri á landsbyggðinni (LB) en höfuðborgarsvæðinu (HBSV) og mikilvægari fólki þar en á HBSV.
- Í rauðum kassa: Þættir sem eru verri á landsbyggðinni en HBSV og mikilvægari fólki þar en á HBSV.
- Í grænum kassa: Þættir sem eru betri á LB en HBSV og mikilvægari fólki á HBSV en á LB.
- Í gulum kassa: Þættir sem eru verri á LB en HBSV og mikilvægari fólki á HBSV en á LB.

Staða og mikilvægi búsetuskilyrða að mati innflytjenda 2020




- Almennt komu náttúra og friðsæld best út þegar horft var til stöðu og mikilvægis.
- Þar á eftir komu öryggi, loftgæði og mannlíf.
- Heilsugæsla og atvinnuöryggi eru þættir sem almennt er mest aðkallandi að bæta.
- Þar á eftir komu vegakerfið, laun, framfærsla, atvinnuúrval, skipulagsmál og vöruúrval.
- Almennt komu leiguíbúðir verst út þegar horft er á stöðu eingöngu því þær þóttu jafnframt síst mikilvægasti þátturinn.

Samanburður á innflytjendum og Íslendingum 2020




- Í bláum kassa: Þættir sem eru betri gagnvart innflytjendum (IF) en Íslendingum (ÍS) og mikilvægari IF.
- Í rauðum kassa: Þættir sem eru verri gagnvart IF en ÍS og mikilvægari IF.
- Í grænum kassa: Þættir sem eru betri gagnvart IF en ÍS og mikilvægari ÍS.
- Í gulum kassa: Þættir sem eru verri gagnvart IF en ÍS og mikilvægari ÍS.
- Hér gefur mikilvægisvíddin ekki nógu góða mynd því stór hluti innflytjenda er fólk sem kemur hér í skamman tíma. Því eru þessir 40 þættir þeim ekki mikilvægir fyrir áframhaldandi búsetu. Hér er lögð áhersla á að staðan sé skoðuð fremur en mikilvægi.

Samanburður á innflytjendum í könnuninni 2020 vs. 2016-2017.



Samanburður á innflytjendum og Íslendingum í könnuninni 2016-2017.



Helstu niðurstöður í allri könnuninni

- Búsetuskilyrði.

- Vestmanneyjabær kom best út úr þessari könnun, Akureyri var í öðru sæti og Eyjafjörður í því þriðja (bls. 3).
- S-Vestfirðir, Dalir, Strandir og Reykhólar komu verst út úr könnuninni (bls. 3).
- Af þeim svæðum sem voru með síðast hækkaði Vestmannaeyjabær mest á milli kannana, þá Rangárvallasýsla og Skaftafellssýslur (bls. 3).
- Mest lækkuðu Strandir og Reykhólar, N-Vestfirðir og Reykjanesbær (bls. 3).
- Athygli vekur að meiri breidd var í heildareinkunn 2020 en 2016-2017 þar sem hæsta einkunn var 7,4 árið 2020 á skalanum 0-10 en 3,8 sú lægsta. Í fyrri könnun var 6,4 hæst og 3,6 lægst. Að þessu leyti er því meiri munur á milli búsetuskilyrða eftir landshlutum (bls. 3).

- Hamingja.

- Íbúar Vestmannaeyjabæjar og Snæfellsness voru hamingjusamastir í könnuninni og þeir einu sem voru marktækt hamingjusamari en aðrir þátttakendur (bls. 25).
- Íbúar Reykjanesbæjar og höfuðborgarsvæðisins voru óhamingjusamastir í könnuninni og þeir einu sem voru marktækt óhamingjusamari en aðrir þátttakendur (bls. 25).
- Ekki var mikill munur á svörum á milli landshluta (bls. 25).
- Viðhorf til sveitarfélagsins.
 - Íbúar Grindavíkurbæjar voru ánægðastir með sveitarfélagið sitt, því næst íbúar Vestmannaeyja og síðan Suðurnesjabæjar (bls. 26).
 - Íbúar Dalanna voru óánægðastir með sveitarfélagið sitt, því næst íbúar Fjarðabyggðar og Suðurfjarða og síðan Borgarfjarðarsvæðis (bls. 26).
 - Að þessu leyti var munurinn lítill og ekki marktækur á milli landsvæða nema í tilfelli Dalanna (bls. 26).

Athyglisverðir punktar í niðurstöðunum allrar könnunarinnar

- Þegar horft var til heildareinkunnar var höfuðborgarsvæðið í 9-10 sæti af 24 ásamt Grindavíkurbæ (bls. 3).
- Akureyri var hins vegar í næstefsta sæti og Eyjafjörður utan Akureyrar í því þriðja (bls. 3).
- Skagafjörður sem var í fyrsta sæti 2016-2017 vermir fjórða sætið þrátt fyrir að hafa staðið í stað í stigum (bls. 3).
- Ef haldið er áfram með samanburð á milli kannana þá hækkaði Vestmannaeyjabær mest á milli kannana af þeim svæðum sem voru með síðast, því næst Rangárvallasýsla og Skaftafellssýslur. Öll þessi svæði eru á Suðurlandi. Árnessýsla bætti sig líka á milli kannana. Ferðapjónusta er stór atvinnugrein á Suðurlandi en þó einna síst í Vestmanneyjabæ (bls. 3).
- Suðurnes, þar sem ferðapjónusta er líka stór, koma verr út. Eina mestu lækkun á milli kannana var að finna hjá Reykjanesbæ. Þá lækkuðu Vogar lítið eitt á milli kannana. Hins vegar hækkaði nýsameinað sveitarfélag, Suðurnesjabær á milli kannana sem og Grindavíkurbær (bls. 3).
- Frekari samanburður á milli 2020 og 2016-2017 bendir til að fækkun ferðamanna vegna Covid hafi haft áhrif á búsetuskilyrði, sum til bóta og önnur til hins verra. Þetta er sérstaklega áberandi á svæðum þar sem ferðapjónusta er stór eins og í Skaftafellssýslum. Aðstæður á fasteignamarkaði og í umferðinni eru dæmi um þetta og hafa batnað á milli kannana á meðan þættir sem tengjast vinnumarkaði og úrvali á þjónustu og vöru hafa versnað. Einnig sést að mikilvægi á þjónustu við fólk í fjárhagsvanda hefur aukist á milli kannana.
- Gögnin benda til þess að verkefnið Ísland ljóstengt hafi skilað íbúunum miklu þar sem nettengingar eru sá þáttur sem batnar víða langmest á milli kannana.
- Útlendingar tóku meira þátt núna en í síðustu könnun. Á því sést að mikilvægi þjónustu við útlendinga hefur aukist á milli kannana. Ef horft er til breytinga á afstöðu þeirra eingöngu kom í ljós að þeir telja atvinnuöryggi sitt hafa versnað á milli kannana sem og möguleikana til framfærslu ásamt fleiri atriðum (bls. 20).

Tafla 1: Yfirlit þýðis og fjölda svara

LH*	Landsvæði	Íbúar, fjöldi	Íbúar 18 ára og eldri	Fjöldi svara '16'17	Fjöldi svara 2020	Núna / síðast
HB	Höfuðborgarsvæðið	233.034	181.354		1.435	
SN	Reykjanesbær	19.421	15.050	223	409	183%
SN	Grindavíkurbær	3.512	2.595	221	264	119%
SN	Suðurnesjabær	3.588	2.705	392	360	92%
SN	Sveitarfélagið Vogar	1.308	1.026	170	156	92%
VL	Akranes og Hvalfjörður	8.159	6.145	359	559	156%
VL	Borgarfjarðar-svæðið	3.917	3.070	385	474	123%
VL	Snæfellsnes	3.947	3.063	297	484	163%
VL	Dalir	639	506	156	118	76%
VF	Norðanverðir Vestfirðir	4.972	3.886	629	599	95%
VF	Sunnanverðir Vestfirðir	1.272	991	233	232	100%
VF	Strandir og Reykhólar	871	693	219	148	68%
NV	V-Húnavatnssýsla	1.211	951	286	250	87%
NV	A-Húnavatnssýsla	1.872	1.439	302	223	74%
NV	Skagafjarðarsýsla	4.239	3.313	327	336	103%
NE	Akureyri	19.025	14.417		762	
NE	Eyjafjörður	6.462	5.081		478	
NE	Þingeyjarsýslur	5.113	4.168		433	
AL	Fjarðabyggð og Suðurfirðir	5.072	3.842		399	
AL	Hérað og N-Múlasýsla	5.667	4.376		515	
SL	Árnessýsla	18.804	14.401	532	557	105%
SL	Rangárvallasýsla	3.894	3.109	415	366	88%
SL	Vestmannaeyjar	4.355	3.461	435	363	83%
SL	Skaftafellssýslur	3.780	3.128	368	333	90%
	Samtals	364.134	282.770	5.949	10.253	172%

*Skýring: LH (landshluti) er Höfuðborgarsvæðið (HB) Suðurnes (SN), Vesturland (VL), Vestfirðir (VF), Norðurland vestra (NV), Norðurland eystra (NE), Austurland (AL) og Suðurland (SL)

Þátttaka eftir landshlutum 2020

LH*	Landshluti	Íbúar, fjöldi	Íbúar 18 ára og eldri	Fjöldi svara '16-'17	Fjöldi svara 2020	Núna / síðast
AL	Austurland	10.739	8.218		914	
HB	Höfuðborgarsvæðið	233.034	181.354		1.435	
NE	Norðurland eystra	30.600	23.666		1.673	
NV	Norðurland vestra	7.322	5.703	915	809	88%
SL	Suðurland	30.833	24.099	1.750	1.619	93%
SN	Suðurnes	27.829	21.376	1.101	1.189	108%
VF	Vestfirðir	7.115	5.570	1.081	979	91%
VL	Vesturland	16.662	12.784	1.197	1.635	137%
	Samtals	364.134	282.770	5.949	10.253	172%

Útlendingar
1.222, þar af 801
pólskumælandi.
Virk svör
útlendinga um 800
(misjafnt eftir
spurningum)

18-25 ára eru 225
talsins

Hagnýtt gildi

- Niðurstöður íbúakönnunarinnar geta nýst í stefnumótunarvinnu sveitarfélaga, samtaka sveitarfélaga og annarra opinberra fyrirtækja og stofnana (og jafnvel einkafyrirtækja) sem sinna þörfum almennings með beinum hætti og/eða sýna samfélagslega ábyrgð.
- Þar er m.a. að finna:
 - Forgangslista 40 mismunandi búsetuskilyrða 3-4 landsvæða í hverjum landshluta.
 - Innbyrðis samanburð á stöðu búsetuskilyrða viðkomandi landshluta.
 - Heildarsamantekt allra landshlutanna býður sunnlenskum landshlutum upp á samanburð við þá.
 - Samanburðurinn dregur fram þau atriði sem eru aðkallandi úrlausnarverkefni viðkomandi landshluta og dregur einnig fram þá þætti sem eru í góðu lagi.
- Hugmyndin er að endurtaka könnunina á 2-3 ára fresti og ná þannig að fylgjast með þróun mikilvægra þátta sem skipta íbúana máli.
- Aðalmarkmiðið er að vita betur hvaða aðgerðir eru líklegastar til árangurs til að gera samfélög landshlutans vænlegri til búsetu.


Annmarkar

- Styrkleikar:
 - Könnunin hefur verið þróuð í allnokkurn tíma á Vesturlandi.
 - Uppbygging könnunarinnar byggir á niðurstöðum rannsókna í byggðamálum og tengdum greinum.
- Annmarkar verkefnis:
 - Þátttaka yngstu og elstu aldurshópanna mætti vera meiri.
 - Konur eru lítið eitt fleiri en karlar meðal þátttakenda.
 - Útlendingar þyrftu að vera fleiri en eru þó miklu fleiri en í síðustu könnun.
- Fyrirvarar:
 - Ekki efni eða ástæða til vigtunar meðaltalna en niðurstöður ber að túlka m.t.t. annmarkanna.


40 þættir og fimm nýir

1. Umhverfismál almennt.
2. Loftgæði.
3. Ásýnd bæja og sveita.
4. Sorpmál.
5. Rafmagn.

Tíu bestu búsetuskilyrðin í allri könnuninni




Tíu verstu búsetuskilyrðin í allri könnuninni



Hvar lentu nýju þættirnir fimm er varðar best/verst?


1. Umhverfismál almennt, í **16** sæti af 40.
2. Loftgæði, í **4** sæti af 40.
3. Ásýnd bæja og sveita, í **15** sæti af 40.
4. Sorpmál, í **19** sæti af 40.
5. Rafmagn, í **11** sæti af 40.

Tíu mikilvægustu búsetuskilyrðin í allri könnuninni



11. Sorpmál
12. Ásýnd bæja
og sveita ásamt
almenntri
umgengni
15. Umhverfismál
almennt.


Tíu „ómikilvægustu“ búsetuskilyrðin



Hvar lentu nýju þættirnir fimm er varðar mikilvægi?


1. Umhverfismál almennt, í **15** sæti af 40.
2. Loftgæði, í **9** sæti af 40.
3. Ásýnd bæja og sveita, í **12** sæti af 40.
4. Sorpmál, í **11** sæti af 40.
5. Rafmagn, í **4** sæti af 40.

Hér sést hvar
er best og
verst að lenda.



Hamingjan á skalanum 1 til 10

Meðaltal 8,0 árið 2020 en 7,9 árið 2017



Heildarsamanburður

Einkunn A

- Einföld raðtölueinkunn liggur til grundvallar.
 - 40 stig fyrir að lenda efst og 1 fyrir að lenda neðst.
- Ekki reynt að vigta einkunn með mikilvægi eins og gert var í könnuninni 2016/2017.
- Vestmannaeyjar, Akureyri og Eyjafjörður lenda í þremur efstu sætunum.
- S-Vestfirðir, Dalir og Strandir og Reykhólar lenda í neðstu þremur sætunum.
- Athyglisvert hversu neðarlega Vogar lenda.

Sæti	Landsvæði	Stig
1	Vestmannaeyjabær	753
2	Akureyri	749
3	Eyjafjörður	653
4	Akranes og Hvalfjörður	621
5	Höfuðborgarsvæðið	614
6	Snæfellsnes	614
7	Grindavíkurbær	591
8	V-Húnavatnsýsla	578
9	Skagafjarðarsýsla	565
10	N-Vestfirðir	564
11	Rangárvallasýsla	536
12	Árnessýsla	516
13	Þingeyjarsýsla	496
14	Hérað og N-Múlasýsla	462
15	Suðurnesjabær	436
16	Reykjanesbær	429
17	Fjarðabyggð og Suðurfirðir	408
18	Skaftafellssýslur	405
19	Borgarfjarðarsvæði	401
20	A-Húnavatnssýsla	397
21	Sveitarfélagið Vogar	372
22	Strandir og Reykhólar	331
23	Dalir	255
24	S-Vestfirðir	253

Munur á milli landshluta í búsetuskilyrðunum 40

Sæti	Búsetuskilyrði	Staðalfrávik
1	Öryggi	0.10
2	Umhverfismál	0.13
3	Grunnskóli	0.14
4	Fjárhagsvandi	0.15
5	Leikskóli	0.15
6	Mannlíf	0.17
7	Náttúra	0.18
8	Útlendingar	0.20
9	Atvinnurekstur	0.21
10	Ásýnd	0.21
11	Friðsæld	0.23
12	Framfærsla	0.23
13	Umferð	0.24
14	Unglingastarf	0.24
15	Sorpmál	0.27
16	Aldraðir	0.28
17	Skipulagsmál	0.28
18	Umferðaröryggi	0.29
19	Loftgæði	0.30
20	Menning	0.31

Munurinn minnstur

Sæti	Búsetuskilyrði	Staðalfrávik
21	Tónlistarskóli	0.33
22	Leiguíbúðir	0.33
23	Launatekjur	0.35
24	Nettengingar	0.35
25	Farsími	0.35
26	Fatlaðir	0.36
27	Afþreying	0.36
28	Rafmagn	0.37
29	Íþróttir	0.40
30	Atvinnuúrval	0.43
31	Almsamg	0.44
32	Atvinnuöryggi	0.44
33	Íbúðir	0.46
34	Dvalarheimili	0.49
35	Vöruúrval	0.53
36	Vöruverð	0.56
37	Framhsk	0.61
38	Vegakerfi	0.61
39	Háskóli	0.61
40	Heilsugæsla	0.69

Munurinn mestur

Heildarsamanburður

Einkunn B

- Einkunn sem tekur tillit til munarins á milli landsvæða.
 - Færri stig þegar munur á búsetuskilyrðum var lítill og fleiri þegar munurinn var mikill.
 - Tekið tilliti til þess hversu góð eða slæm staðan var.
- Ekki reynt að vigta einkunn með mikilvægi eins og gert var í könnuninni 2016/2017.
- Akureyri, Vestmannaeyjar og höfuðborgarsvæðið lenda í þremur efstu sætunum.
- S-Vestfirðir, Dalir og Strandir og Reykhólar lenda aftur í þremur neðstu sætunum.
- Aftur er athyglisvert hversu neðarlega Vogar lenda.

Sæti	Landsvæði	Stig
1	Akureyri	153.42
2	Vestmannaeyjabær	148.61
3	Höfuðborgarsvæðið	148.43
4	Akranes og Hvalfjörður	146.35
5	Eyjafljörður	144.07
6	Skagafjarðarsýsla	142.80
7	V-Húnavatnsýsla	142.80
8	Grindavíkurbær	142.49
9	Snæfellsnes	142.15
10	N-Vestfirðir	140.71
11	Árnessýsla	140.63
12	Þingeyjarsýsla	139.41
13	Rangárvallasýsla	139.17
14	Hérað og N-Múlasýsla	138.63
15	Borgarfjarðarsvæði	137.62
16	Reykjanesbær	136.34
17	Fjarðabyggð og Suðurfirðir	135.96
18	Skaftafellssýslur	135.39
19	A-Húnavatnssýsla	134.25
20	Suðurnesjabær	133.98
21	Sveitarfélagið Vogar	131.08
22	Strandir og Reykhólar	130.85
23	Dalir	125.46
24	S-Vestfirðir	124.01

Um verkefnið

- Skoðanakönnun.
- Kanna hug íbúa til búsetuskilyrða, aðstæður á vinnumarkaði og afstöðu til nokkurra mikilvægra atriða, s.s hamingju og hvort íbúar séu á förum frá landshlutanum.

Framkvæmd

1. Vífill Karlsson, Ph.D. í hagfræði hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, hafði yfirumsjón með skipulagi og framkvæmd könnunarinnar, ásamt því að vinna úr niðurstöðum með Helgu Maríu Pétursdóttur hjá Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra.
2. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri safnaði netfanga og mat stærð úrtaks.
3. Könnunin fór fram í september og október 2020.
4. Hún var send út á þremur tungumálum, þ.e. íslensku, ensku og pólsku.
5. Túlkun á niðurstöðum og framsetning var í höndum Vífils og Helgu Maríu.